

Fundur skólaráðs Hofstaðaskóla miðvikudaginn 25. 1. 2012 kl. 14.40

Fundinn sátu: Guðrún Lóa Sverrisdóttir og Jón Gunnar Hannesson fulltrúar nemenda, Margrét Harðardóttir skólastjóri, Ásta Kristjánsdóttir og Ölrún Marðardóttir, fulltrúar kennara, Rósa Lára Guðlaugsdóttir fulltrúi annarra starfsmanna. Sigrún Snædal Logadóttir, Inga Lía Sólonsdóttir og Guðrún Birna Finnsdóttir fulltrúar foreldra. Hafdís Bára Kristmundsdóttir aðstoðarskólastjóri.

1. **Skóladagatal 2012-2013.** Aðstoðarskólastjóri kynnti sameiginlegt skóladagatal grunnskólanna í Garðabæ sem er samræmt leikskólunum. Skólasetning verður 22. ágúst og skólaslit 7. júní 2013. Jólaleyfi verður frá og með 21. desember til og með 2. janúar. Einn skipulagsdagur í september og tveir í október. Einum skipulagsdegi verður dreift á vorönn svo að 180 nemendadagar komist fyrir innan rammans. Skólaráð gerir engar athugasemdir og fagnar því að skipulagsdögum sé raðað að helgum sem er mjög fjölskylduvænt. Skólaráði ber að skila umsögn um skóladagatalið til skólans sem skilar henni áfram til skólaskrifstofu.
2. **Niðurstöður viðhorfakönnunar foreldra.** Skólastjóri kynnti niðurstöður könnunar sem lögð var fyrir foreldra í desember sl. 57% foreldra svöruðu könnuninni og voru mæður í meirihluta. Fæst svör koma frá foreldrum í 6. og 7. bekk. Á heildina litið eru foreldrar mjög ánægðir með skólann og segjast mæla með honum. Skiptar skoðanir eru um heimanám og ýmist vilja foreldrar fá meira heimanám eða minna en meirihluta foreldra eða um 77% telja það hæfilegt. Eitt svar sker sig úr og er varðandi það hvort foreldrar telji sig fá nægar upplýsingar um félagslega stöðu barns síns. Fundarmenn voru sammála því að upplýst væri um stöðu barns á nemenda- og foreldrasamtalsdögum, að lokinni tengslakönnun í október og ef eitthvað er að. Unnið er markvisst með félagslega stöðu nemenda. Jákvæð viðhorf eru til tólmstundaheimilisins Regnbogans. Fundarmenn ræddu hvort æskilegt sé að skipta hópnum upp í eldri og yngri og velja mismunandi viðfangsefni eftir aldri barnanna.
3. **Sjálfsmatsskýrsla.** Skólastjóri kynnti nýútkomna sjálfsmatsskýrslu. Hún tekur á svipuðum þáttum og síðasta skólaár. Áfram er unnið að markmiðum frá Skólalæpingum í anda Skólafélags Garðabæjar og að Stefnumiðuðu árangursmati. Fulltrúar foreldra tjá áhyggjur foreldra af vaxandi fjölda í bekkjardeildum og hvenær komið sé að þolmörkum.
4. **Ný reglugerð.** Skólastjóri ræddi nýja reglugerð um ábyrgð og skyldur aðila skólasamfélagsins í grunnskólanum. Reglugerðinni er fagnað vegna þess að hún tekur á ýmsum þáttum sem hefur þurft að skerpa á. Fjallað verður nánar um reglugerðina á opnum fundi á vegum skólaskrifstofunnar 1. mars n.k. þar sem boðið verður skólafólki, fulltrúum foreldra og nemenda og íþrótta- og tólmstundafélaga. Fulltrúar frá ráðuneytinu munu sjá um kynninguna og stýra hópvinnu. Grunnstoðir hyggjast kynna þá þætti sem snúa beint að foreldrum á árlegum fundi sínum og fylgja kynningunni eftir með bæklingi sem færi heim með nemendum í töskupósti. Bent var á að kynna líka fyrir foreldrum þá þætti sem snúa að ábyrgð og skyldum nemenda sem er nýmæli í reglugerðinni

5. Önnur mál.

- a. Foreldrar spyrjast fyrir um hvað sé gert til að bæta aðgengi að skólanum í vetrarfærðinni og tryggja öryggi nemenda á skólalóðinni í hálfku. Mikið umferðaröngþveiti skapast við skólann þegar ófærðin er mikil. Einnig hafa nemendur verið að detta í hálkunni. Skólastjórnendur svöruðu því að daglega væri mokað frá, sandborið og saltað ýmist af starfsmönnum skólans eða þjónustumiðstöðvarinnar og þegar mesta hálfkan var voru nemendur hafðir inni. Erfitt sé að eiga við bílstjóra sem stöðva bifreiðar á ýmsum stöðum og séu ekki vel búnir til vetraraksturs og tefji umferðina.
- b. Foreldrar vilja koma því á framfæri að skráning heimanáms í Mentor sé samræmd. Misjafnt er hvort heimavinna sé skráð á skiladag eða þann dag sem hún fer heim. Þessu verður komið á framfæri.
- c. Foreldrar ræddu líka upplýsingamiðlun í tengslum við próf og lesefni t.d. þegar ekki væri um eina ákveðna námsbók að ræða. Fulltrúar kennara sögðust leggja sig fram um að kynna þetta og það væru nákvæmar upplýsingar í námsvísunum. Áherslur séu sem betur fer að færast af námsbókum yfir á námsefni og markmið.
- d. Að lokum tjáðu fulltrúar foreldra sig um ánægju sína með skólastarfið, skólann og vefsíðuna sem væri sívirk og stöðugt nýjar og skemmtilegar fréttir úr skólastarfinu.

Fundi slitið kl. 15.50

Hafdís Bára Kristmundsdóttir